

34. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 20. janúar 2009

Mættir voru: Ingvar Þóroddsson, Þuríður Sólveig Árnadóttir og Bryndís Valdimarsdóttir.

Bryndís upplýsti að hún hefði ekki komist á formannafund sem var boðaður mánudaginn 19 janúar.

Bryndís gaf ekki endanlegt svar um hvort hún vildi vera formaður.

Ræddum um hvað við gætum gert í umferðaröryggismálum í hverfinu s.s. hraðahindrun í Skógarlundi. Kreppan hefði breytt ýmsu.

Vorhátíð: Á skóladagatali Lundaskóla er hún sett á 16 maí. Byrja á að bjóða formönnum foreldrafélaga leikskóla og skólans í hverfinu á fund þann 27 janúar til að ræða málin.

Nauðsynlegt að finna fleiri í hverfisnefnd og var ætlunin að leita að fleirum.

Einnig upplýsti Bryndís að ekkert svar hefði borist frá framkvæmdaráði við bréfi sem nefndin sendi á síðasta ári.